

Punkturinn 5. tbl. 2011 - Fréttabréf um skattamál

Í þessu tölublaði Punktisins er fjallað um hin ýmsu skattamál. Fjallað er um ný samþykktu breytingu á tekjuskattslögunum sem kveða á um að váttryggingabætur vegna keyptru sjúkdómatrygginga teljist ekki til tekna.

Einnig er til umfjöllunar ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra um frádráttarheimildir þegar kemur að töpuðu hlutafé í föllnu bönkunum. Að auki verður fjallað um tvo morgunverðafundi sem Deloitte hélt á dögunum, annars vegar um skattamál og hagvöxt á árunum 2005-2011, en hins vegar um góða stjórnarhætti og þá úttekt sem Deloitte býður upp á í tengslum við það.

Þá eru reifaðir tveir nýlegir héraðsdómar og að lokum er fjallað um tillögum um ýmsar breytingar á skattalögum, sem fram koma í frumvarpi sem lagt hefur verið fyrir Alþingi í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar vegna nýrra kjarasamninga.

Er það von starfsmanna Skatta- og lögfrædisviðs Deloitte að Punkturinn komi að gagni og sé upplýsandi um málefni dagsins.

- **Þær breytingar hafa verið gerðar á tekjuskattslögunum að váttryggingabætur vegna keyptru sjúkdómatrygginga teljist ekki til tekna og eru því skattfrjálsar. Þeir sem greitt hafa tekjuskatt vegna slíkra váttryggingabóta geta farið fram á endurgreiðslu vegna greidds skatts.** Sjá umfjöllun um lagabreytinguna á bls. 2
- **Þar sem skattskyldu vegna erfðafjárskatts var fullnægt í Bandaríkjunum, bar erfingja ekki að greiða erfðafjárskatt hér á landi, þrátt fyrir að hafa engan skatt greitt í Bandaríkjunum.** Sjá umfjöllun um leiðbeinandi bréf ríkisskattstjóra á bls. 2
- **Þar sem föllnu bankarnir eru ekki í formlegri gjaldþrotameðferð er ekki möguleiki að nýta frádrátt skv. 5. tl. 31. gr. tekjuskattslaganna. Þá eru stofnfjárbréf í sparisjóðum ekki kröfur í skilningi 3. tl. 31. gr. sömu laga.** Sjá umfjöllun um Ákvarðandi bréf nr. 8/2011, á bls. 2
- **Góðir stjórnarhættir skipta verulega miklu máli fyrir félög sem vilja skara fram úr á sínu sviði. Deloitte hf. gerir úttekt á stjórnarháttum fyrirtækja.** Sjá umfjöllun um morgunverðafund sem Deloitte hélt um efnið á bls. 3
- **Þrátt fyrir skattahækkanir hefur hagvöxtur minnkað og skatttekjur ríkisins ekki aukist að raunvirði.** Sjá umfjöllun um morgunverðarfund Deloitte um skattamál og hagvöxt á bls. 3
- **Viðskipti milli tengdra aðila sem færð eru á viðskiptareikning eru ekki viðskipti með gjaldfresti heldur ólögmeitt lán í skilningi 79. gr. einkahlutafélagalaga og reiknast sem tekjur hjá lántaka.** Sjá umfjöllun um dóm héraðsdóms Reykjavíkur frá 5. maí 2011 í máli nr. E-6736/2010, á bls. 4
- **Umsýslugjald sem greitt er til fasteignasala vegna kaupa á íbúð er þóknun og getur ekki verið verktakagreiðsla til fasteignasalans ef hann er í starfi hjá fasteignasölu.** Sjá umfjöllun um dóm héraðsdóms Reykjavíkur frá 19. maí 2011 í máli nr. S-653/2010, á bls. 4
- **Bandormur hefur verið lagður fyrir Alþingi þar sem lagðar eru til breytingar á lögum í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands vegna nýrra kjarasamninga.** Sjá umfjöllun um frumvarpið á bls. 5



Lög um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, með síðari breytingum - Sjúkdómategyggingar

Þær breytingar hafa verið gerðar á tekjuskattslögum að vátryggingabætur vegna keyptra sjúkdómategygginga teljast ekki til tekna og eru því skattfrjálsar. Þeir sem greitt hafa tekjuskatt vegna slíkra vátryggingabóta geta farið fram á endurgreiðslu vegna greidds skatts.

Samþykkt hefur verið á Alþingi breyting á tekjuskattslögum þess efnis að vátryggingabætur vegna sjúkdómategygginga teljast ekki til tekna. Ber því þeim aðilum sem fá greiddar bætur á grundvelli keyptra sjúkdómategygginga ekki að greiða tekjuskatt vegna slíkra bóta. Sjúkdómategyggingar eru því skattfrjálsar. Sú hefur ekki verið raunin fram að þessu, en ljóst að í mörgum tilvikum hefur ekki verið greiddur tekjuskattur vegna slíkra vátryggingarbóta.

Lögin öðlast þegar gildi og er tekið fram í 2. gr. þeirra, að ef skattlagning hefur átt sér stað vegna útgreiðslu sjúkdómategygginga sem keyptar hafa verið við gildistöku laganna, þá er ríkisskattstjóra heimil endurupptaka. Það þýðir að þeir aðilar sem greitt hafa tekjuskatt af vátryggingabótum vegna keyptra sjúkdómategygginga geta fengið þann skatt sem greiddur var endurgreiddan frá hinu opinbera.

Leiðbeinandi bréf ríkisskattstjóra nr. 05/11 - Arfur frá Bandaríkjunum

Þar sem skattskyldu vegna erfðafjárskatts var fullnægt í Bandaríkjunum, þar erfingja ekki að greiða erfðafjárskatt hér á landi, þrátt fyrir að hafa engan skatt greitt í Bandaríkjunum.

Í bréfi þessu svarar ríkisskattstjóri fyrirspurn þar sem óskað var eftir leiðbeinandi álitum ríkisskattstjóra vegna erfðamáls frá Bandaríkjunum.

Málavextir voru þeir að fyrirspyrjandi ásamt frændsystkinum hans fengu arf frá Bandaríkjunum. Enginn erfðafjárskattur var greiddur í Bandaríkjunum samkvæmt lögum þar á landi. Leitað var álits Sýslumannsins í Reykjavík um hvort hver og einn erfingi skyldi fylla út erfðafjárskýrslu og greiða erfðafjárskatt. Því var hafnað og fyrirspyrjanda bent á að gera

grein fyrir arfinum á skattframtali og hvaðan hann hafi borist.

Í svari ríkisskattstjóra kemur fram að samkvæmt 1. tl. 28. gr. tekjuskattslaga teljist ekki til tekna eignarauki vegna arftöku, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur. Ríkisskattstjóri vísar jafnframt í úrskurð ríkisskattanefndar nr. 842/1990 en þar kemur fram:

Arfláti, A, var búsettur í Bandaríkjunum, og var búi hans skipt þar í landi eftir lögum þess. Í máli þessu hafa verið lögð fram gögn um þessi búskipti. Fram kemur í skiptagerð, að allri skattskyldu dánarbúsins í búskiptaríkinu hafi verið fullnægt. Ekki var kærandi krafinn um erfðafjárskatt af arfi sínum þar í landi og virðist gengið út frá því í máli þessu, að um slíka skattskyldu hafi ekki verið að ræða. (...) Þá var eigi lagður á kæranda í búskiptalandinu tekjuskattur á eignaauka hans vegna arftökunnar. Samningur sá milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku, sem gerður var til þess að koma í veg fyrir tvísköttun, (...), tekur ekki til erfðafjár. Þá verður ekki talið, að nein ákvæði samnings þessa girði fyrir skattlagningu eignaauka vegna arftöku, stæðu hérlend lagaákvæði til slíkrar skattlagningar. Mál þetta þykir velta á því, hvernig skýra beri 1. tl. 28. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. (...) Verður ekki talið, að í slíkum tilvikum falli eignaauki sá, sem leiðir af arftökunni undir skattlagningu sem tekjur til tekjuskatts og utan ákvæðis 1. tl. 28. gr. laga nr. 75/1981. (...) Sama niðurstaða þykir eiga að gilda varðandi arftöku, sem hérlendur skattaðili hlýtur úr dánarbúi, sem skipt er og skipta ber í öðru landi og fellur því utan laga nr. 83/1984, og ræðst af löggjöf hlutað-eigandi ríkis, hvort og hvernig álagningu erfðafjárskatts er háttað. Samkvæmt þessu þykir bera að skýra 1. tl. 28. gr. laga nr. 75/1981 svo, að þar umrædd greiðsla erfðafjárskatts sem skilyrði skattfrelsis eignaauka vegna arftöku sé áskilin, sé um slíka greiðsluskyldu að ræða.

Í svari ríkisskattstjóra kemur fram að umræddu ákvæði hafi ekki verið breytt í núgildandi lögum um tekjuskatt. Væri því ljóst að ekki ber að skattleggja umræddan arf er fyrirspyrjandi fékk í sinn hlut. Ríkisskattstjóri tekur það þó fram að gera beri grein fyrir honum í lið 1.6 á fyrstu síðu skattframtalsins.

Ákvarðandi bréf nr. 8/2011

Þar sem föllnu bankarnir eru ekki í formlegri gjaldþrotameðferð er ekki möguleiki að nýta frádrátt skv 5. tl. 31. gr. tekjuskattlaganna. Þá eru stofnfjárbréf í sparisjóðum ekki kröfur í skilningi 3. tl. 31. gr. sömu laga.

Nýlega sendi RSK frá sér ákvarðandi bréf sem svar við fyrirspurn um skattalega meðferð stofnbrefa og hlutabréfa, þar sem eigendur líta svo á að þau séu töpuð vegna slitameðferðar fjármálafyrirtækja.

Aðdragandi að fyrirspurn þessari er sú sérkennilega staða eigenda hlutafjár og stofnfjár í föllnu bönkunum, að ekki sé heimilt að nýta tap vegna niðurfærslna á þessum eignum í rekstri félaga sem með bréfin fara. All flestir líta á þessar eignir, sem tapaðar vegna óvissu sem um þær ríka. Þá er ljóst að upphafleg verðmæti bréfanna eru í engu samræmi við þá mögulegu útkomu sem við endanleg slit bankanna kann að verða. Í tekjuskattslögum er vísað til þess í 5. tl. 31. gr. að heimilt sé að færa til frádráttar sannanlega tapað hlutafé í félögum sem orðið hafa gjaldþrota eða hafa farið í gegnum samþykta nauðasamninga.

Í 1. mgr. 101. gr. laga um fjármálafyrirtæki er skýrt ákvæði um að bú fjármálafyrirtækis verði ekki tekið til gjaldþrotameðferðar samkvæmt almennum reglum. Búið fer því í slitameðferð, þótt það hafi verið í þeirri stöðu að hafa ekki getað staðið við skuldbindingar sínar á gjalddaga og það hafi ekki verið fyrirjáanlegt að það breyttist innan skamms tíma. Um bankana gilda flest þau ákvæði gjaldþrotalaga sem varða skiptastjórn, kröfulýsingu og fl. Það eitt að banka er ekki heimilt að fara í gjaldþrot á ekki að geta leitt til þeirrar niðurstöðu að bankinn geti ekki fært niður hlutafé sitt sem sannanlega er tapað. Þá er auðvelt að hugsa til þess að ef banki mun á endanum eiga fyrir kröfum sínum og skilar einhverjum verðmætum til eigenda sinna að þá verði þau verðmæti færð til bókar, líkt og gert er við tapaðar kröfur. Allt að einu er það vitað hverjir kunni að fá verðmætin í hendur ef til útgreiðslu kemur.

Af þessu tilefni voru tvær spurningar lagðar fyrir ríkisskattstjóra til að fá umsögn um hvort til greina kæmi að meta stofnbref á grundvelli 3. tl. 31. gr. tekjuskattlaganna, um tapaðar kröfur eða hvort telja ætti slík bréf til 5. tl. sama ákvæðis, um hlutabréf, sem þá verður að fara með samkvæmt þeim

takmörkunum sem kunna að vera á því ákvæði.

Ríkisskattstjóri bendir á í svar sínu að „þær kröfur sem fyrirspurnin lúti að séu ekki til komnar vegna viðskipta með stofnbréf, heldur réttinda sem þeim tengjast, þ.e. skjal-festa eignarhluti í sparisjóðnum.“ Af þessum ástæðum taldi ríkisskattstjóri stofnbréf ekki falla innan marka ákvæðis 3. tl. 31. gr. um sannanlega tapaðar kröfur. Það mál sem var grundvöllur fyrirspurnarinnar, byggðist m.a. á tekjufærslu sem myndast við niðurfellingu skuldar sem til er komin vegna kaupa á stofnfjárbréfum eða hlutabréfum. Ríkisskattstjóri skautaði algerlega framhjá þessum þætti fyrirspurnarinnar, en fjallaði þess í stað í löngu máli um skilgreiningar á viðskipta-kröfum. Nokkur áherslumunur er af hendi fyrirspyrjanda og ríkisskattstjóra um hvort skattaleg skilgreining orðsins „viðskiptakrafa“ eigi við í þessu máli.

Í seinni fyrirspurninni um hvort nægjanlegt væri að fjármálafyrirtæki hafi verið skipað slitastjórn í héraðsdómi til að geta nýtt sér frádráttarheimild 5. tl. 31. gr. tekjuskattlaganna, vísaði ríkisskattstjóri í úrskurð yfirskattanefndar nr. 303/2010, þar sem yfirskattanefnd tók til umfjöllunar þau ákvæði laga um fjármálafyrirtæki sem vísa til mögulegra gjaldþrota gömlu bankanna. Málið sem úrskurður yfirskattanefndar fjallaði um varðaði mögulega samsköttun á grundvelli 55. gr. tekjuskattlaga og varð niðurstaða nefndarinnar að „það komi ekki til álita að telja lög-aðila, sem njóti sjálfstæðrar skattaðildar á grundvelli 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, til „protabús“ í skilningi 5. tölul. 1. mgr. lagagreinarinnar fyrr en eftir að bú lögaðilans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, þ.e. gengið hefur úrskurður héraðsdómara um að bú viðkomandi sé tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt 72. gr. laga nr. 21/1991, enda er það fyrst við uppkvaðningu slíks úrskurðar sem til verður sjálfstæð persóna að lögum, þ.e. protabú sem tekur við réttindum og skyldum protamanns, sbr. fyrrgreint ákvæði.“

Þá vísar úrskurður yfirskattanefndar til þess að ekki sé möguleiki að líta á gömlu bankana sem protabú þar sem það sé ekki sjálfgefið að allar skuldir falli í gjalddaga við yfirtöku FME á bankanum.

Vegna þessara niðurstöðu yfirskattanefndar vísar ríkisskattstjóri til þess með vísun til 5. tl. 31. gr. tekjuskattlaganna, að skýrt sé að ekki séu tilefni til að vikja frá þeirri túlkun sem að framan er getið.

Hér vakna spurningar Punktsins um tilgang niðurstöðu ríkisskattstjóra. Með raunveruleikareglu skattalaga er vísað til þess hvað raunverulega á sér stað og á þeim forsendum hafa ágreiningsefni verið leidd til lykta í mörgum málum. Með þessari niðurstöðu ríkisskattstjóra má reikna með að félög, muni í verulega auknum mæli fara í gjaldþrot í stað þess að vera slitið samkvæmt almennum reglum, eða haldi áfram rekstri. Mörg þessara félaga hafa fengið lán fyrir kaupum á hlutabréfum og stofnfjárbréfum, stundum frá hinum föllnu bönkum og stundum frá öðrum aðilum, svo sem eigendum félaganna. Í þeim tilvikum þar sem möguleiki er að fella niður kröfur á félag, skapast skattskylda. Þegar ekki er möguleiki að nýta sem frádrátt, tap sem sannanlega liggur fyrir, verður ekki hvati til að halda félagi á lífi, enda geta stjórnarmenn undir slíkum kringumstæðum orðið skaðabótaskyldir á grundvelli gjaldþrotalaga.

Fundur um góða stjórnarhætti hjá Deloitte

Góðir stjórnarhættir skipta verulega miklu máli fyrir félög sem vilja skara fram úr á sínu sviði. Deloitte hf. gerir úttekt á stjórnarhættum fyrirtækja.

Þann 19. maí s.l. skipulagði áhættuþjónusta Deloitte (ERS) morgunverðarfund fyrir endurskoðunarnefndir, fjármálastjóra og stjórnarmenn fyrirtækja. Umræðuefnið var góðir stjórnarhættir, en Deloitte býður þjónustu til fyrirtækja byggða á grundvelli fyrirmyndafyrirtækja sem Viðskiptaráð, Nasdaq OMX á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hefur kynnt. Fyrirlesarar voru Nanna Aradóttir vottaður innri endurskoðandi og Pétur Steinn Guðmundsson hdl., en þau hafa umsjón, fyrir hönd Deloitte, með úttekt á fyrirtækjum sem vilja fá viðurkenningu Rannsóknarmiðstöðvarinnar og komast þannig í hóp fyrirmyndafyrirtækja. Fundurinn var vel sóttur og góðar umræður sköpuðust eftir framsögu-erindin. Í fyrirspurnarpanel voru ásamt frummælendum, Sif Einarsdóttir yfirmaður áhættu- stýringar Deloitte og Vala Valtýsdóttir sviðs- stjóri skatta- og lögræðisviðs Deloitte. Margar fyrirspurnir urðu í kringum mögulegt hæfi manna til að sitja í endurskoðunarnefndum, en tilefni þeirrar umræðu er ekki hvað síst nýlegt ákvæði laga um ársreikninga þar sem endurskoðunarnefndir eru skilgreindar. Er

það ákvæði tekið upp úr tilskipun Evrópusambandsins, 2006/43/EB, frá 17. maí 2006. Túlkun ákvæðisins um hvenær menn eru háðir einingunni hefur ekki verið svo skýr sem vænta mátti. Oftast er vísað til þess að menn megi ekki vera starfsmenn eða tengdir stórum hluthafa til að geta fallið undir skilgreininguna. Það kann svo að vera annað mál og lengra hvenær menn hafa þessa tengingu.

Þessi kynning markaði ákveðin tímamót fyrir Deloitte, þar sem formlegum undirbúningi fyrir úttekt er lokið. Allar nánari upplýsingar um þjónustuna veita Nanna Huld Aradóttir, s. 861 5750, nanna.aradottir@deloitte.is og Pétur Steinn Guðmundsson, s. 693 1307, ps@deloitte.is.

Fundur um skattamál og hagvöxt 2005-2011

Þrátt fyrir skattahækkningar hefur hagvöxtur minnkað og skatttekjur ríkisins ekki aukist að raunvirði.

Fundur um skattamál var haldinn á vegum Skatta- og lögræðisviðs Deloitte hf. þann 12. maí s.l. Yfirskrift fundarins var „Skattar, gjöld og hagvöxtur 2005-2011. Hvað hefur breyst?“ Frummælendur voru Vala Valtýsdóttir sviðs stjóri Skatta- og lögræðisviðs Deloitte og Ragnar Árnason prófessor við Háskóla Íslands. Nálguðust þau málefnið með mismunandi aðferðarfræði. Vala tók saman skattbreytingar og bar saman tekjur ríkisins á tímabilinu. Ragnar sýndi hver áhrif skattana hafa orðið með tilliti til hagvaxtar og lífsgæða.

Kom meðal annars fram í máli Völu að skattkerfið væri orðið mun flóknara, nú væri þrepaskiptur skattur, sem gerði það að verkum að fleiri greiða meira í skatt en áður. Sýndi Vala dæmi þar sem skattprósenta hækkaði t.d. á hjón sem nam hreinni viðbót upp á kr. 94.446 á ári vegna þess að hjónin hafa ekki jafnhá laun. Þá sýndi Vala fram á það með útreikningum að rauntekjur ríkisins hafa ekki aukist þrátt fyrir hærri skattprósentu.

Í máli Ragnars kom fram að hagvöxtur hefði ekki orðið líkt og spáð hafi verið fyrir árið 2009. Á því ári varð samdráttur sem nam 6,9% en til að geta byggt upp lífvænlegt þjóðfélag verður hagvöxtur að vera alla vega yfir 2%. Við skoðun á þeim þáttum sem leiða til hagvaxtar, svo sem auknar fjárfestingar, meiri atvinna, og það sem prófessorinn kallaði framtak og nýsköpun, eru lægri skattar

forsenda þess að hagvöxtur geti orðið. Því hefur verið öfugt farið af hendi ríkisstjórnarinnar, að mati Ragnars. Með hækkuðum sköttum og mikið hugmyndaauðgi fyrir nýjum sköttum er unnið gegn hagvexti, sagði Ragnar Árnason prófessor. Þá sýndi hann með útreikningum að skatttekjur hafi ekki hækkað við hækkun skatta á þegna landsins.



Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5.mai 2011 í máli nr. E-6736/2010

Viðskipti milli tengdra aðila sem færð eru á viðskiptareikning eru ekki viðskipti með gjaldfresti heldur ólöglegt lán í skilningi 79. gr. einkahlutafélagalaga og reiknast sem tekjur hjá lántaka.

Í málinu var ágreiningsefnið einna helst það hvort lán S ehf. til J, sem var eini hluthafi, stjórnarmaður og starfsmaður félagsins, til að kaupa á bifreið af S ehf. hafi talist ólöglegt lán skv. 1. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög. Ef lánið teldist ólöglegt leiddi það af sér að fjárhæðin teldist J til tekna á grundvelli 3. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaganna. Hafði málið verið úrskurðað á þann veg á skattstjórastigi sem staðfestur var hjá yfirskattanefnd. Um var að ræða einkamál þar sem S ehf. og J voru stefnendur, sem kröfðust ómerkingar á úrskurðum skattfyrvalda. Íslenska ríkið krafðist sýknu, en með því væri staðfest að um ólöglegar lánveitingar hafi verið að ræða.

Málavextir voru þeir að 27. desember 2007 keypti J bifreiðina af S ehf. Viðskiptin voru þannig framkvæmd að viðskiptareikningur J hjá S ehf. var hækkaður um kaupverð bifreiðarinnar, eða kr. 3.701.824. Var lánið greitt til baka þann 1. mars 2008. Ekki lágu fyrir gögn um þessi viðskipti, hvorki lánasamningur um bifreiðina né samningur um greiðslu kaupverðsins. Í málinu var jafnframt um að ræða aðrar úttektir J hjá S ehf. að fjárhæð kr. 299.484, en óumdeilt var að sú upphæð var ólöglegt lán.

Töldu J og S ehf. að ekki hafi verið um óheimilt lán að ræða hvað varðar viðskipti þeirra með bifreiðina. Töldu þeir að viðskiptin hafi ekki falið í sér lánveitingu heldur kaup með gjaldfresti, en að öðrum kosti að lánið hafi verið venjulegt viðskiptalán sem ekki telst til ólögletra lánveitinga skv. 79. gr. laga um einkahlutafélög.

Dómurinn fer yfir að ekki hafi verið gerður samningur á milli J og S ehf. í tengslum við viðskiptin og kaupverðið fært á viðskiptareikning J sem vaxtalaus krafa. Tiltók dómurinn að samkvæmt lögskýringagögnum væri ljóst að litið hefur verið á greiðslukortaviðskipti sem svokölluð viðskiptalán. Á sama hátt hljóti viðskipti, þar sem kaupverð lausafjár er ekki greitt við afhendingu, heldur fært sem inneign seljanda á viðskiptamannareikningi kaupanda, að teljast lánveiting af hálfu seljanda. Var því komist að þeirri niðurstöðu að um lán hafi verið að ræða, en ekki kaup með gjaldfresti. Varðandi venjulegt viðskiptalán tók dómurinn fram að ekki hafi verið samið um hvenær J myndi endurgreiða kaupverð bifreiðarinnar heldur var krafan aðeins færð sem inneign á hendur J í bókhaldi félagsins. Engin trygging var sett fyrir greiðslu þess og ekki samið um vexti. Héldu J og S ehf. því fram að ekki sé óalengt að samið sé á þennan hátt í bilaviðskiptum. Eins og málið lá fyrir leit dómurinn svo á að það stæði J og S ehf. nær að færa sönnur á þá staðhæfingu. Það var ekki gert og var það því talið ósannað í málinu. Þá taldi dómurinn augljóst að viðskiptin í tengslum við bifreiðakaup J hafi ekki verið hluti af reglulegri starfsemi S ehf., en félagið rak útgerð, fiskverkun og fiskisölu innanlands og utan. Með hliðsjón af framangreindu komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að ekki væru efni til að hrófla við þeirri niðurstöðu skattfyrvalda að það lán, sem S ehf. veitti J í tengslum við umrædd bifreiðakaup, gæti ekki talist venjulegt viðskiptalán í skilningi niðurlags 1. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög. Hið sama átti við um þann hluta kröfunnar sem S ehf. átti inni hjá J en tengdist ekki bifreiðakaupunum.



Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19.mai 2011 í máli nr. E-653/2010

Umsýslugjald sem greitt er til fasteignasala vegna kaupa á íbúð er þóknun og getur ekki verið verktakagreiðsla til fasteignasalans ef hann er í starfi hjá fasteignasölu.

Í sakamálinu var ágreiningsefnið annars vegar meðferð á svonefndu umsýslugjaldi sem innheimt var í starfsemi S ehf. Var af ákærvaldinu haldið fram að skattskyld velta hafi verið vantalin sem næmi umsýslugjaldinu. Hins vegar var ágreiningsefnið hvort starfsamband ákærðu, þ.e. E, M, og félagsins hafi verið launþegasamband eða verktaka-

samband. Að mati ákærvaldsins var um verktakasamband að ræða og innskattur því oftalinn sem næmi þeim innskatti er félagið dró frá útskatti á grundvelli skattskyldrar veltu í skilningi laga um virðisaukaskatt.

E og M voru báðir framkvæmdastjórar félagsins og með prókúruumboð, M var varamaður í stjórn en E var stjórnarmaður. Samkvæmt ákærðu stýrði E daglegum rekstri félagsins en M var sölustjóri.

Ákærðu töldu að telja ætti með skattskyldri veltu, innheimt umsýslugjald á móti þeim kostnaði sem af hlaust vegna öflunar þeirra tekna. Hvað launþegasamband ákærðu og félagsins varði þá töldu þeir að rétt hafi verið að líta svo á að þeim væri heimilt að haga störfum sínum í formi verktöku, m.a. í ljósi þess að skattfyrvöld hefðu verið kunnugt um meðferðina árum saman og fallist á það með aðgerðarleysi sínu. Jafnframt hafi eðli starfa þeirra verið með þeim hætti að heimilt hafi verið að miða starfsamband ákærðu og félagsins við samband verktaka og verksala.

Dómurinn hafnaði rökum ákærðu um umsýslugjaldið en taldi að launþegasamband ákærðu við félagið yrði að meta heildstætt til að ákvarða hvort starfsmaður teljist launamaður eða verktaki. Fór dómurinn yfir að S ehf. væri einkahlutafélag og sjálfstæður skattaðili, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um tekjuskatt. Í 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna væri kveðið á um að ef maður vinni við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skyldi hann telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt og hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Ákærðu hafi hvor um sig verið eigendur helmings hlutafjár í einkahlutafélaginu, verið fyrirsvarsmenn sem stjórnarmenn, skráðir framkvæmdastjórar og með prókúru. Að því leyti sem vinna ákærðu á vegum einkahlutafélagsins varðaði almenna starfsemi þess væri ljóst að ákærðu hafi borið að reikna sér endurgjald vegna vinnu sinnar, væri slíkrí vinnu fyrir að fara.

Þá taldi dómurinn að byggja yrði á því að hin umdeildu störf ákærðu á vegum félagsins hafi m.a. verið fólgin í ákvarðanatöku, stjórnun og öðrum störfum sem jafnan féllu undir verksvið stjórnenda einkahlutafélags, sbr. IX. kafla laga um einkahlutafélög. Taldi dómurinn að störf ákærðu sem fyrirsvarsmanna gætu ekki fallið undir verktöku. Ekki yrði séð að ákærðu hafi haft með höndum neina sölu á slíkrí þjónustu til annarra aðila

en S ehf. þau ár sem um ræddi, enda voru störf þeirra ótímabundin og viðvarandi fyrir þetta eina félag.

Þá yrði lagt til grundvallar að ákærðu hafi borið að vinna umrædd verk sjálfir og ljóst væri að ákærðu hafi á tímabilinu að öllu leyti lagt fram persónulega vinnu sína í þágu starfsins. Hafi ekki annað komið fram en að ákærðu hafi haft starfann að aðalstarfi. Þá lægi fyrir að ákærðu hafi haft starfsaðstöðu hjá S ehf. og þeir notið að öðru leyti ýmissa starfskjara launþega.

Þá kom fram að varðandi endurgjald til ákærðu, sem þótti hafa sérstaka þýðingu varðandi mat á starfssambandi, lægi fyrir að um hafi verið að ræða fastar og reglulegar greiðslur á umræddu tímabili. Yrði ekki séð að greiðslur til ákærðu hafi að neinu leyti tekið mið af árangri í störfum. Væri sérstök ástæða til að benda á að þóknun ákærðu hafi numið sömu fjárhæðum á umræddum árum. Þá hafi ekkert komið fram um sérstakan kostnað ákærðu af störfum sínum fyrir S ehf.

Að lokum sagði dómurinn að samkvæmt þessu væri ljóst að mörg þau atriði sem almennt væru höfð til viðmiðunar við mat á því hvort um verk- eða vinnusamning væri að ræða, þættu benda til vinnusamnings. Þótti engu breyta þótt ákærðu hafi ekki notið allra starfskjara launþega. Samkvæmt því og með skírskotun til reglna um skyldu manna til að reikna sér endurgjald vegna vinnu á vegum lögaðila yrði að telja að virða bæri vinnu ákærðu í heild sinni sem störf launþega hjá S ehf. en ekki að neinu leyti sem sjálfstæða verktöku og sólu á þjónustu til félagsins. Var krafa ákærðu því ekki tekin til greina og þeir sakfelldir m.a. fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt.

Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þskj. 1465-824. mál

Bandormur hefur verið lagður fyrir Alþingi þar sem lagðar eru til breytingar á lögum í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands vegna nýrra kjarasamninga.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem lagðar eru meðal annars fram breytingar á skattalögum. Breytingartillögurnar eru í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við undirritun kjarasamninga þann 5. maí s.l. Í yfirlýsingunni kemur m.a. fram að stjórnvöld séu reiðubúin að stuðla að því

að áform þau sem nánar er fjallað um í yfirlýsingunni nái fram að ganga með framlagningu frumvarpa á yfirstandandi þingi. Verður gerð grein fyrir nokkrum þáttum frumvarpsins hér en ekki er um tæmandi umfjöllun að ræða.

Skattlagning einstaklinga, starfandi í eigin félagum – Arður sem launatekjur

Fyrirhugað er að breyta greinum tengdum lokamálslið 11. gr. tekjuskattslaga er varða þann þátt ákvæðisins sem fjallar um að fari heimil arðsúthlutun samtals yfir 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags telst það sem umfram er til helminga laun og arður, þegar móttakandanum beri, stöðu sinnar vegna, að reikna sér endurgjald í samræmi við 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 58. gr. laganna.

Annars vegar er gerð tillaga að breytingu á 58. gr. tekjuskattslaga, sem felur í sér nánari skilgreiningu á því hvað felst í hugtakinu „ráðandi aðili“ þegar ákvörðuð eru laun við eigin atvinnurekstur. Tillagan er sú að maður teljist hafa ráðandi stöðu (vera ráðandi aðili) ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% eða meira í viðkomandi lögaðila. Sama regla eigi einnig við um starfandi hluthafa sem ekki eru tengdir fjölskylduböndum. Reglan nær þó einungis til þeirra sem eiga a.m.k. 2% hver um sig í viðkomandi lögaðila.

Hins vegar er gerð tillaga sem lítur að því að sá hluti úthlutaðs arðs sem telst vera laun skv. 3. málsli. 1. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga, verði eingöngu skattlagður í neðsta þrepi tekjuskattsins, þ.e. 24,1% miðað við árið 2010, auk útsvars, sem er að hámarki 13,28% árið 2010 en ekki í þremur þrepum eins og nú gildir.

Breyting á skilyrði fyrir frádráttarbærni arðgreiðslna og söluhagnaðar

Í lok árs 2009 var skattlagningu arðgreiðslna og söluhagnaðar milli fyrirtækja breytt á þann veg að í stað þess að arður og söluhagnaður væri að fullu frádráttarbær var

frádráttarbærni takmörkuð við a.m.k. 10% eignarhald. Jafnframt var fyrirtækjum gert skylt að nýta yfirfærnanlegt tap áður en til frádráttar kæmi.

Lögð er til sú breyting að frádráttarbærni arðs og söluhagnaðar verði takmörkuð við 5% eignarhald en ekki 10%. Jafnframt er lagt til að það skilyrði að yfirfærnanlegt tap verði nýtt áður en til frádráttar kemur verði fellt brott.

Mat hlutabréfa við skilgreiningu á gjaldstofni auðlegðarskatts

Lagt er til að í stað hlutdeildar í skattalegu bókfærðu eigin fé verði tekið mið af stofnverði, þ.e. kostnaðarverði hlutabréfa við kaup þeirra eða stofnun félags við ákvörðun á auðlegðarskattsstofni.



Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Ritstjóri:

Pétur Steinn Guðmundsson, lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 170,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.